

## REGLUGERÐ

### um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla.

#### 1. gr.

Heimilt er með leyfi menntamálaráðuneytisins að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla.

#### 2. gr.

Meginmarkmið náms í framhaldsdeild verði sem hér segir:

- a) Aukin kunnátta og hæfni til að stunda framhaldsnám og nám í sérskólum.
- b) Undirbúningur undir ýmis störf í atvinnulífinu.
- c) Almenn menntun.

Í náminu verði lögð áherzla á hagnýta menntun. Heimilt er að skipuleggja kennsluna í annir eða misseri, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

#### 3. gr.

Hámarksfjöldi nemenda í bekkisögn í framhaldsdeild skal vera u. þ. b. 25, lágmarksfjöldi í kjarna sem næst 15, en á kjörsviði sem næst 7. Ráðuneytið heimilar frávik frá þessum tölum, þegar sérstaklega stendur á, enda taki sveitarfélag á sig stærri hluta kostnaðar en ella, í hlutfalli við það, sem vantar á fulla viðmiðunartölu um lágmarksfjölda.

#### 4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur framhaldsdeildum námsskrá. Skal hún auk náms-efnis fjalla um:

- a) Próf og prófkröfur.
- b) Kennsluaðferðir.
- c) Bókakost og önnur kennslugögn.
- d) Skiptingu námstíma í áfanga, svo sem í annir eða misseri.

#### 5. gr.

Inntökuskilyrði í framhaldsdeild eru:

Samræmt gagnfræðapróf með meðaleinkunn 6,0 eða hærri í samræmdum greinum (íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði), sömuleiðis eldri gagnfræðapróf með jafnhárra meðaleinkunn í sömu námsgreinum.

Landspróf miðskóla með meðaleinkunn 6,0 eða hærri.

Heimilt er skólastjóra að víkja frá fyrrgreindum reglum með einstaka nemendum, sem sérstaklega stendur á um, enda leiti hann áður umsagnar námsráðgjafa.

#### 6. gr.

Námsefni í framhaldsdeildum er:

- a) **Kjarni**, þ. e. sameiginlegt námsefni öllum nemendum.
- b) **Kjörsvið**, þ. e. uppeldiskjörsvið, hjúkrunarkjörsvið, tæknikjörsvið og viðskiptakjörsvið. Fjölga má kjörsviðum eða fækka með samþykki ráðuneytisins.
- c) **Námsefni á sjálfsvaldi skóla.**

Skipting kennslustunda skal vera sem hér segir:

1. Kjarni.

	1. ár	2. ár
Íslenska .....	4	4
Danska .....	4	„
Enska .....	3	5
Stærðfræði .....	4	4
Eðlis- og efnafræði .....	3	3
Liffræði .....	3	„
Landfræði og jarðfræði .....	„	4
Saga og samfélagsfræði .....	3	„
Myndið .....	2	2
Leikfimi .....	2	2

Alls stundir á viku 28 24

2. Kjörsvið.

	1. ár				2. ár			
	Uppeldis-	Hjúkrunar-	Tækni-	Viðskipta-	Uppeldis-	Hjúkrunar-	Tækni-	Viðskipta-
Danska .....	„	„	„	„	2	2	2	2
Danska eða enska .....	„	2	„	„	„	„	„	„
Enska .....	„	„	„	2	„	„	„	1
Stærðfræði .....	2	„	2	„	„	3	„	„
Eðlis- og efnafræði .....	„	„	2	„	„	3	„	„
Líf-eðlisfræði .....	„	2	„	„	3	„	„	„
Þýzka .....	„	„	2	„	„	2	„	„
Danska eða þýzka eða franska ..	„	„	„	„	3	„	„	„
Samfélagsfræði .....	2	2	„	„	2	2	„	„
Sálarfræði .....	„	„	„	„	3	3	„	„
Verzlunarfræði (sölufr., vörufr.)	„	„	„	2	„	„	„	2
Bókfærsla .....	„	„	„	„	„	„	„	3
Vélrítun, bréfrítun, skjalavarzla ..	„	„	„	2	„	„	„	2
Tónlist eða myndið eða leikfimi ..	2	„	„	„	2	„	„	„

Alls stundir á viku 6 6 6 6 10 10 10 10

3. Kennsla á sjálfvaldi skóla.

2—4 kennslustundir á viku.

1.—3. samtals:

	1. ár St. á viku	2. ár St. á viku
Kjarni .....	28	24
Kjörsvið .....	6	10
Val skóla .....	2—4	2—4

Alls 36—38 36—38

Heimilt er að vika frá þessari skiptingu með samþykki ráðuneytisins að fenginni umsögn forstöðumanns framhaldsdeilda.

## 7. gr.

Próftilhöggun skal vera sem hér segir:

1. Prófverkefni skulu samræmd bæði á fyrra og síðara ári framhaldsdeilda og samín af mönnum, skipuðum af ráðuneytinu. Stjórnskipaðir prófdómarar meta úrlausnir ásamt kennurum, nema ráðuneytið ákveði annað. Umsjónarmaður framhaldsdeilda hefur umsjón með gerð, prentun eða fjölritun og útsendingu prófverkefna.
2. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og hálfum frá 0—10 og meðaleinkunn reiknuð með einum aukastaf.

## 8. gr.

Einkunnir skal gefa sem hér segir og færa inn á skirteini:

1. **Vetrareinkunn** skal gefa í hverri námsgrein og gerir kennari það. Skal hún vera vegið meðaltal af kjarna- og kjörsviðseinkunn, ef greinin er kennd bæði í kjarna og á kjörsviði. Einkunnavegið er ákvarðað af vikulegum stundafjölda í kjarna og á kjörsviði í viðkomandi námsgrein.
2. **Einkunnir á vorprófi**. Kennari og prófdómari ráða að jöfnu einkunn á vorprófi, sé prófdómari skipaður í greininni, annars kennari einn. Í öllum greinum skal gefa einkunn fyrir prófúrlausnir hvort heldur er í kjarna eða á kjörsviði og færa inn á skirteini. Skal vegið meðaltal gilda sem prófseinkunn á sama hátt og gert er um vetrareinkunn. Ef um er að ræða einkunn, sem aðeins er gefin í kjarna eða á kjörsviði, gildir hún óbreytt sem prófseinkunn.
3. **Lokaeinkunn** í hverri námsgrein er meðaltal af vetrareinkunn og prófseinkunn.
4. Meðaleinkunn skal reikna af:
  - a) vetrareinkunnum,
  - b) prófseinkunnum á vorprófi,
  - c) lokaeinkunnum.

Jafnsnemma og ákvörðun er tekin um að kenna námsgrein, sem er á sjálfsvaldi skóla, skal skólustjóri hafa samráð við umsjónarmann framhaldsdeilda um það, hvort greinin skuli metin til einkunna á sama hátt og aðrar námsgreinar skólans.

## 9. gr.

Meðaltal lokaeinkunna skal eigi vera lægra en 5,0 og samtala tveggja lægstu lokaeinkunna eigi lægri en 7,0.

Falli nemandi á meðaleinkunn, skal honum leyft að endurtaka að hausti próf í tveimur lökustu greinum.

Falli nemandi á tveimur lægstu greinum samanlögðum, skal honum leyft að endurtaka próf í þeim að hausti. Hafi nemandi hlotið einkunn 5,0 eða hærrí í annarri greininni, skal honum ekki skylt að taka próf í þeirri grein við endurtekningu.

Um réttindi nemenda úr framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna til inngöngu í aðra skóla, gildir reglugerð nr. 93 frá 11. maí 1970.

## 10. gr.

Ráðuneytið skal fela þar til hæfum manni að annast umsjón framhaldsdeilda. Skal umsjónarmanni heimilt að kveðja til sérfróða menn í samráði við ráðuneytið.

## 11. gr.

Kennarar við framhaldsdeildir skulu hafa fyllstu kennararéttindi á gagnfræða- eða menntaskólastigi. Um ráðningu þeirra fer að venjulegum hætti, en auk þess skal leita umsagnar umsjónarmanns framhaldsdeilda, og gildir það einnig um stundakennara.

## 12. gr.

Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

## 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 21 frá 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. maí 1970.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

**um gjaldskrá fyrir þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd.**

## 1. gr.

Þungaskattur af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, greiðist fyrir hvern ekinn kílmetra samkvæmt ökumáli, sem hér segir:

## A. Fólksflutningsbifreiðar:

Eigin þungi bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0 — 5.99 tonn .....	kr. 0.80
6.0 — 6.99 — .....	— 0.95
7.0 — 7.99 — .....	— 1.05
8.0 — 8.99 — .....	— 1.15
9.0 — 9.99 — .....	— 1.30
10.0 — 10.99 — .....	— 1.45
11.0 — 11.99 — .....	— 1.55

## B. Aðrar bifreiðar en fólksflutningsbifreiðar:

Eigin þungi bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0 — 5.99 tonn .....	kr. 1.05
6.0 — 6.99 — .....	— 1.25
7.0 — 7.99 — .....	— 1.40
8.0 — 8.99 — .....	— 1.55
9.0 — 9.99 — .....	— 1.75
10.0 — 10.99 — .....	— 1.90
11.0 — 11.99 — .....	— 2.05

## 2. gr.

Um ísetningu ökumæla, innsíglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar, varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar nr. 74/1970, um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, sbr. einnig reglugerð nr. 94/1970, um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt vegalögum, nr. 23 30. apríl 1970, til að öðlast gildi 1. júlí 1970 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 11. júní 1970.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*